



ÆDALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

KRISTIN FRÆÐI, SIÐFRÆÐI
OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐI

1999

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla

1. gr.

Með vísan til 29. og 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi frá og með 1. júní 1999. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 1999-2000 eftir því sem við verður komið og nánar er kveðið á um í almennum hluta hennar og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 28. apríl 1989 úr gildi.

2. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út í tólf heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og ellefu sérstaka greinahluta.


Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla eru meðal annars tilgreindar kjarnagreinar, fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan, meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.


Í greinahlutum aðalnámskrár grunnskóla, sem gefnir eru út í ellefu heftum, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum og bera heftin þessi heiti:

Íslenska
Stærðfræði
Erlend tungumál
Heimilisfræði
Íþróttir – líkams- og heilsurækt
Kristin fræði, siðfræði, trúarbragðafræði
Listgreinar
Lífsleikni
Náttúrufræði
Samfélagsgreinar
Upplýsinga- og tæknimennt.

Heftin eru útgefin á tímabilinu frá 1. mars 1999 til 31. maí 1999 af menntamálaráðuneytinu og dreift jafnóðum til sveitarstjórna.

Menntamálaráðuneytinu 24. febrúar 1999


Björn Bjarnason


Árni Gunnarsson

AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

KRISTIN FRÆÐI, SIÐFRÆÐI
OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐI

1999

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið : námskrár 10

Apríl 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: XYZETA ehf.
Ljósmyndun: Kristján Maack
Myndskreytingar: XYZETA ehf.
Prentun: Gutenberg

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-19-0

EFNISYFIRLIT

Formáli	5
Inngangur	6
Nám og kennsla	
Námsmat	
Lokamarkmið	
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í 1.-4. bekk	14
Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar	
Prepamarkmið 1. bekkjar	
Prepamarkmið 2. bekkjar	
Prepamarkmið 3. bekkjar	
Prepamarkmið 4. bekkjar	
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í 5.-7. bekk	19
Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar	
Prepamarkmið 5. bekkjar	
Prepamarkmið 6. bekkjar	
Prepamarkmið 7. bekkjar	
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í 8.-10. bekk	24
Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar	
Prepamarkmið 8. bekkjar	
Prepamarkmið 9. bekkjar	
Prepamarkmið 10. bekkjar	







FORMÁLI

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði er sjálfstæð námsgrein í grunnskóla en hefur ráðstöfunartíma sameiginlega með samfélagsgreinum í viðmiðunarstundaskrá. Í þessu hefti eru sett fram markmið greinarinnar, greint frá forsendum hennar, fjallað um tengsl við aðrar greinar og greint frá kennslu og námsmati. Markmiðin eru af þrennum toga eins og á öðrum greinasviðum þessarar aðalnámskrár: lokamarkmið, áfangamarkmið og þrepamarkmið.

Lokamarkmið gefa heildarmynd af því sem stefnt skal að í kennslu námsgreinarinnar í grunnskóla. Þau skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu skyldunámi.

Áfangamarkmið teljast meginviðmið fyrir nám og kennslu í hverri grein. Þau eru sett fram fyrir þrjú stig grunnskólans, yngsta stig (1.-4. bekk), miðstig (5.-7. bekk) og unglíngastig (8.-10. bekk). Áfangamarkmið gefa heildarmynd af því sem ætlast er til að nemendur hafi almennt tileinkað sér að áfanganum loknum.

Þrepamarkmið eru safn markmiða og viðfangsefna til að ná áfangamarkmiðunum. Þau eiga að lýsa skipulagi, samfelli og stígangi í kennslu námsgreinarinnar og sýna hvernig unnt er að útfæra áfangamarkmiðin nánar og raða þeim á einstök þrep.

Nánar er fjallað um markmiðssetningu í almennum hluta aðalnámskrár.





INNGANGUR

Námi í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð.

Þeir þroskapættir, sem greininni er einkum ætlað að efla, eru trúar-, siðgæðis- og félagsþroski þannig að nemendur verði sífellt hæfari til að taka ábyrga afstöðu í trúarlegum, siðferðilegum og félagslegum efnum. Með trúarþroska er hér átt við hæfni til að fást við trúarleg viðfangsefni á grundvelli þekkingar og skilnings.

Þá er náminu ætlað að hafa mótandi áhrif á skólastarfið, sem á að einkennast af lýðræðislegu samstarfi, kristilegu siðgæði og umburðarlyndi, og efla þannig virðingu og skilning í samskiptum einstaklinga og þjóða með ólík lífsviðhorf.

Kristin trú hefur verið mótandi afl í íslensku þjóðlífi í þúsund ár og er enn enda eru meira en 95% þjóðarinnar skráð í kristin trúfélög. Saga og menning þjóðarinnar verður vart skilin án þekkingar á kristinni trú og siðgæði og sögu kristinnar kirkju. Sama gildir um vestræna sögu og menningu. Bókmenntir og aðrar listir sækja vísanir og minni í texta Biblíunnar og daglegt íslenskt mál er ríkt af orðatiltækjum og líkingum sem sóttar eru þangað.

Önnur og ólík samfélög verða heldur ekki skilin án þekkingar á rikjandi trúarbrögðum og siðferðilegum gildum. Námi í almennum trúarbragðafræðum er ætlað að miðla þeirri þekkingu og auka þannig skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum. Traust þekking á eigin rótum og skilningur á ólíkum lífsviðhorfum stuðlar að umburðarlyndi og víðsýni.

Mikilvægur þáttur í þroskaferli hvers einstaklings er mótun heilbrigðrar sjálfsmyndar. Hún felur meðal annars í sér heildstætt lífsviðhorf og skilning á sjálfum sér sem einstaklingi og sem hluta af stærri heild. Skólinn þarf því að gefa nemendum tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast leit þeirra að svörum við spurningum um merkingu lífsins og siðræn gildi og miðla þekkingu þar að lútandi. Umræða um þessi efni þroskar dómgreind nemendanna og eykur þeim víðsýni. Hvatning til að taka afstöðu á forsendum þekkingar og skilnings stuðlar að sjálfræði að því er varðar lífsviðhorf og gildismat.

Uppeldishlutverk grunnskólans hefur aukist jafnt og þétt þótt meginábyrgð uppeldismótunarinnar sé foreldranna. Góð samvinna skóla og heimilis skiptir því sköpum. Mikilvægur þáttur uppeldismótunarinnar er siðgæðisuppeldið. Sérhvert þjóðfélag byggist á ákveðnum grundvallargildum. Skólanum er ætlað að miðla slíkum gildum. Í íslensku samfélagi eiga þessi gildi sér kristnar rætur. Nægir þar að nefna virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum og helgi mannlegs lífs, umhverfinu og öllu lífi. Skólinn þarf því að temja nemendum að spyrja um skyldur sínar, réttindi og ábyrgð í samskiptum sínum við einstaklinga, samfélagið og umhverfi sitt.

Nám og kennsla

Inntak námsgreinarinnar er þriðþætt. Í fyrsta lagi fræðsla um kristna trú og menningu og sögu kirkjunnar. Í öðru lagi siðferðileg viðfangsefni. Í þriðja lagi fræðsla um helstu trúarbrögð heims.

Kristin trú á sér rætur í sögulegum atburðum, allt frá tímum Gamla testamentisins, sem ná hámarki í lífi og starfi, dauða og upprisu Jesú Krists. Framhald þeirrar sögu er svo saga kristinnar kirkju allt til okkar daga. Í námskránni er leitast við að láta þessa sögulegu framvindu og tengsl

hennar við nútímann verða ljós, svo og margvísleg trúarleg og menningarleg áhrif hennar. Mikilvægur hluti þessarar sögu er einnig saga einstaklinga og hreyfinga sem markað hafa spor í þágu trúar, mennta og mannúðar.

Í námskránni er lögð áhersla á þau atriði sem eru sameiginleg kristnum mönnum og teljast vera grundvöllur kristinnar trúar. Eigi að síður er eðlilegt, miðað við íslenska sögu og samtíð, að taka mið af evangelísk-lútherskri trúarhefð. Jafnframt er mikilvægt að gerð sé grein fyrir helstu sérkennum annarra kristinna kirkjudeilda.

Biblían er trúarbók kristinna manna og gyðinga (að hluta) og íslam á sér einnig rætur í Gamla testamentinu. Hún hefur því haft viðtæk áhrif á trú, siðgæði og menningu í heiminum. Má í því sambandi minna á áhrif hennar á bókmenntir, myndlist og tónlist auk áhrifa hennar á íslenska tungu. Því er í námskránni stefnt að því að nemendur þekki efni Bibliunnar, geri sér grein fyrir trúarlegu og menningarlegu mikilvægi hennar og kynnist jafnframt sögu hennar sem ritsafns.

Kristilegt siðgæði á að móta starfshætti skólans ásamt umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Þó að þetta eigi við um skólastarfið almennt hlýtur kennsla í kristnum fræðum að sinna þessum þætti sérstaklega og vinna markvisst að því að stuðla að siðgæðisþroska nemendanna í glímu við siðferðileg álitamál. Gengið er út frá því að það sé gert í ljósi kristilegrar siðfræði.

Trúarbragðafræðsla er umfangsmikið viðfangsefni. Eðlilegt er að beina sjónum nemenda fyrst og fremst að útbreiddustu trúarbrögðum heims, svo sem búddadómi, hindúasið, íslam og gyðingdómi. Í tengslum við landafræði og sögu er mikilvægt að skoða átrúnað í þeim samfélögum sem fjallað er um hverju sinni. Í yngstu bekkjum grunnskólans er stefnt að því



að nemendur kynnist framandi trúarbrögðum með frásögnum af jafnöldrum og hvernig trú þeirra hefur áhrif á daglegt líf. Í efstu bekkjum grunnskóla er síðan farið kerfisbundið í helstu trúarbrögð heims.

Með vaxandi fjölda nýbúabarna frá ólíkum menningarsvæðum þarf skólinn að huga að því, í samvinnu við heimili þeirra, hvernig koma til móts við óskir um að þau fái fræðslu um eigin trú og menningu. Þá er æskilegt að nýta þá möguleika sem blandaður nemendahópur gefur til að kynna nemendum ólíka trú og siði og stuðla þannig að auknum skilningi, virðingu og umburðarlyndi.

Miklar breytingar hafa orðið á kennslu þessara fræða í skyldunámsskólum á þessari öld. Framan af voru eingöngu kennd kristin fræði og var fræðslan skilgreind í lögum sem skirnarfræðsla kirkjunnar. Síðustu áratugi hefur greinin alfarið verið á ábyrgð skólafyrvalda og skilgreind af þeim.

Inntak greinarinnar hefur einnig breyst, svo og framsetning efnisins. Hlutur siðfræðinnar og trúarbragðafræðanna hefur aukist að mun á síðustu áratugum.

Í þessari námskrá eru biblíusögur veigamikill þáttur og gert ráð fyrir að leitað sé eftir trúarlegri merkingu þeirra, menningaráhrifum og tengslum við daglegt líf. Þá er ætlast til að nemendur öðlist þekkingu og skilning á trúarlegum hugtökum. Sama á við um fræðslu um önnur trúarbrögð.

Skólinn er fræðslustofnun en ekki trúboðsstofnun og er því fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum. Liður í því er að nemendur séu hvattir til að setja sig í annarra spor og skoða viðkomandi átrúnað innan frá, með augum hins trúaða.

Enda þótt gert sé ráð fyrir að fengist sé við siðræn viðfangsefni á skipulegan hátt er enn mikilvægara að kennari sé vakandi fyrir því að taka siðferðileg álitamál til umræðu þegar tilefni gefst, hvort heldur er innan skólans (bekkjarins) eða í samfélaginu almennt.

Öll kennsla, sem fæst við álitamál svo sem trú og lífskoðanir, siðgæði og mannleg samskipti, gerir miklar kröfur til kennarans. Hún þarf að vera málefnaleg og einkennast af víðsýni og vilja til að skilja og virða fólk með mismunandi trúar- og lífsskoðanir.

Kristin fræði, siðfræði og fræðsla um önnur trúarbrögð gefur kennara tækifæri til að beita fjölbreytilegum kennsluáferðum.

- Í öndverðu var kristinni trú miðlað með frásögnum af lífi og starfi Jesú Krists. Frásagan (hin munnlega frásögn) ætti því að skipa veglegan sess í þessari fræðslu. Vert er að gefa því gaum að frásagnarhefðin skipar mismunandi sess í ólíkum trúarbrögðum.
- Þekkingu og skilningi á trú og siðgæði verður ekki miðlað öðruvísi en með virkri glímu nemenda við viðfangsefni og umræðu um þau. Markmiðið er að nemendur verði færir um að taka sjálfstæða og ábyrga afstöðu á grundvelli þekkingar og skilnings.
- Vettvangsferðir í kirkjur og aðra helgidóma, á söfn, sögustaði, tónleika o.fl. eru til þess fallnar að tengja sögu og samtíð með lifandi hætti og hjálpa nemendum að kynnast margvíslegri trúarlegri túlkun og tilbeiðslu-háttum.
- Skapandi vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í náminu. Með þeim fá nemendur tækifæri til að túlka þekkingu sína og tjá reynslu sína og tilfinningar á listrænan hátt.
- Nútímaupplýsinga- og margmiðlunartækni opnar möguleika á fjölbættri öflun þekkingar. Skólasöfn eru kjörinn vettvangur til sjálfstæðrar þekkingaröflunar á þessum sviðum sem öðrum.



- Gagnrýnin hugsun er mikilvægur eiginleiki þegar fengist er við efni sem tengist trú, lífsskoðun og siðferði. Þjálfun í agaðri, málefnalegri umræðu um álitamál er öðru líklegri til að þroska með nemendum gagnrýna hugsun og efla dómgreind þeirra.

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði tengjast fjölmörgum öðrum greinum með margvíslegum hætti á öllum skólastigum. Mikilvægt er að kennarar nýti þá möguleika til samþættingar sem bjóðast enda auðgar það og styrkir ekki aðeins þetta nám heldur einnig nám í öðrum greinum. Við skipulag kennslu ættu kennarar að huga sameiginlega að þessum möguleikum og hafa samvinnu um þá.

Af þeim námsgreinum, sem nærtækastar eru, má t.d. nefna sögu enda er saga kirkju og kristni samofin stjórn mála- og menningarsögu. Þá má nefna móðurmál með margvíslegum vísunum í biblíuleg minni í bókmenntum og áhrifum Biblíunnar á daglegt mál um aldir. Listgreinar, einkum tónlist, myndlist og byggingarlist, eru ríkar af trúarlegri tjáningu að fornu og nýju. Þá eru tengsl við nýja námsgrein, lífsleikni, ótvíræð þar sem báðum greinunum er ætlað að stuðla að persónuþroska og styrkja sjálfsmynd og siðferðilega dómgreind nemenda. Sama gildir um heimspeki þar sem hún er kennd. Að lokum má nefna náttúrufræði, landafræði og umhverfisvernd enda fást þessar greinar í ríkum mæli við manninn og tengsl hans við umhverfi sitt.

Þessi upptalning er síður en svo tæmandi en gefur hugmynd um margvíslega möguleika til tengsla sem auka fjölbreytni kennsluhátta og stuðla að heildstæðri sýn á lífið og tilveruna.

Námsmat

Það sem segir um námsmat í almennum hluta aðalnámskrár á við um kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði. Meta skal árangur nemandans við að ná þeim markmiðum sem sett eru. Þau fela í sér þekkingu sem afla skal, færni til gagnrýnnar hugsunar og viðhorf, svo sem virðingu og umburðarlyndi, sem nemendur eiga að tileinka sér.





Nemandi

- efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sinn
- öðlist þekkingu á kristinni trú á Guð, föður, son og heilagan anda, einkum Jesú Kristi og kenningu hans, og skilji áhrif fagnaðarerindisins á einstaklinga og samfélög
- kynnist sögu kristinnar kirkju hér og erlendis og beri skynbragð á vestrænan og þar með íslenskan trúar- og menningararf
- tileinki sér grundvallargildi íslensks samfélags, svo sem virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum og helgi mannlegs lífs
- þroski með sér gagnrýna hugsun, siðferðilega dómgreind og sjálfræði og þjálfist í að fást við siðferðileg álitamál og taka afstöðu á grundvelli þekkingar og skilnings
- geri sér grein fyrir réttindum sínum, skyldum og ábyrgð í samskiptum við aðra og samfélagið í heild
- temji sér virðingu fyrir náttúrunni og ábyrgð gagnvart öllu lífi og umhverfi
- öðlist þekkingu á öðrum trúarbrögðum sem grundvelli gilda og lífsviðhorfa og temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana
- fáist við og skilji viðfangsefni sem snerta trú, lífsskoðun og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins
- geti greint og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt
- verði betur fær um að skilja og njóta trúarlegrar tjáningar í tónlist, myndlist og bókmenntum

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í 1.-4. bekk Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar

Nemandi á að

- kunna skil á Bibliunni sem trúarbók kristinna manna og þekkja vel nokkrar mikilvægar frásagnir af Jesú Kristi og kenningu hans, svo og öðrum persónum í Bibliunni, bæði í Gamla og Nýja testamentinu
- hafa haft kynni af kristnu helgihaldi og umgjörð þess og tamið sér virðingu fyrir því sem öðrum er heilagt
- þekkja helstu hátíðir kristninnar og siði og tákni sem tengjast þeim
- þekkja kirkjuhúsið, helstu tákni, kirkjulegar athafnir og starf kirkjunnar í heimabyggð
- hafa kynnst listrænni tjáningu trúar og fengið tækifæri til listrænnar tjáningar eigin hugmynda
- þekkja grundvallargildi kristilegs siðgæðis og hafa fengist við efni sem stuðlar að ábyrgðartilfinningu, sáttfýsi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- hafa kynnst öðrum trúarbrögðum, lífsviðhorfum og menningu, m.a. með frásögnum af jafnöldrum



Prepamarkmið 1. bekkjar



Nemandi

- kynnist kristinni sköpunartrú og skoði sjálfan sig, umhverfi sitt og samskipti við aðra í ljósi hennar
- kynnist frásögunum af fæðingu Jesú, læri einfalda jólasálma og kynnist íslenskum jólasíðum
- kynnist sögunum af bernsku Jesú og heyri um daglegt líf og aðstæður á hans dögum
- kynnist afstöðu Jesú til barna, m.a. með frásögunni Jesús blessar börnin
- fái tækifæri til leikrænnar tjáningar á atburðum úr biblíusögunum
- heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni
- þekki tilefni páskanna
- geri sér ljóst hvað bæn er og læri að þekkja Faðir vor, kvöld- og morgunbænir og borðbænir
- fái st við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- geri sér ljóst að engir tveir eru eins, t.d. með frásögn af börnum með ólíkan bakgrunn

Prepamarkmið 2. bekkjar



Nemandi

- kynnist völdum frásögum úr Gamla testamentinu í einfaldaðri mynd, t.d. frásögunni af Adam og Evu í aldingarðinum Eden, Kain og Abel og Nóa
- viti hvað aðventa merkir og hafi kynnst siðum og tónlist sem tengist henni
- kynnist frásögum úr lífi Jesú, t.d. af góða hirðinum, týnda sauðnum, Sakkeusi, Bartimeusi blinda og fiskidrættinum mikla
- kynnist frásögum af dauða og upprisu Jesú
- skoði og ræði listaverk sem túlka efni Biblíunnar og fái tækifæri til eigin listsköpunar
- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpsemi og vandamál tengd einelti og bakmælgj
- fái fyrstu kynni af íslam með frásögnum af jafnöldrum



Prepamarkmið 3. bekkjar



Nemandi

- kynnist frásögunum af ættfeðrunum Abraham, Ísak og Jakobi og frásögunni af Jósef
- auki við þekkingu sína á atburðum tengdum jólum, t.d. með sögunum af vitringunum frá Austurlöndum og flóttanum til Egyptalands
- kynnist kjörum landflótta barna og starfi þeim til hjálpar
- þekki valdar frásögur úr Nýja testamentinu, t.d. frásögurnar af köllun fyrstu lærisveinanna, mettum þúsundanna, lækningunni við Betesdaug, dóttur Jairusar, eyri ekkjunnar og týndu drökmunni
- þekki atburði pálmásunnudags, skírdags, föstudagsins langa og páskadags
- kynnist frásögum af atburðum sem áttu sér stað eftir upprisu Jesú, t.d. förinni til Emmaus og frásögunni af himnaför Jesú
- kynnist íslenskum sálmum, myndlist og tónlist sem tengist jólum og páskum
- viti hvað kristniboð er og kynnist starfi íslenskra kristniboða erlendis
- fái þjálfun í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafnstöðu og kjarki til að fylgja sannfæringu sinni
- kynnist búddadómi eða hindúasið með frásögnum af jafnöldrum

Prepamarkmið 4. bekkjar



Nemandi

- kynnist frásögunum af Móse, dvöl Ísraelsmanna í Egyptalandi og brottförinni þaðan og öðlist skilning á merkingu páskahátíðar Ísraelsþjóðarinnar
- þekki aðdragandann að fæðingu Jesú, svo sem frásögunnar af fæðingu Jóhannesar skírara, boðun Maríu og jólaguðspjall Lúkasar
- þekki sögu aðventukransins og jólatrésins, táknræna merkingu og siði tengda þeim
- kynnist enn frekar frásögum úr Nýja testamentinu, m.a. frásögunum af skírn Jesú, brúðkaupinu í Kana, ekkjunni í Nain, lækningum Jesú á hvíldardegi, fariseanum og tollheimtumanninum, miskunnsama Samverjanum, ríka unglíngnum og vakningu Lasarusar frá dauðum
- auki þekkingu sína á dauða og upprisu Jesú, t.d. með kynnum af frásögum af yfirheyrslunum yfir Jesú og dauðadómnum, sögunni af ferð kvennanna að gröfni á páskadagsmorgni og þekki frásöguna af því þegar Jesús birtist lærisveinum sínum við Tiberíasarvatnið eftir upprisuna
- þekki frásöguna af atburðum hvítasunnudags og geri sér grein fyrir merkingu hans fyrir kristna kirkju
- kunni skil á kirkjuárinu, helstu hátíðum og merkingu ólíkra lita í helgihaldinu
- heimsæki kirkju og þekki nokkur trúarleg tákn og merkingu þeirra, kunni skil á guðspjónustunni og helstu kirkjulegum athöfnum svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og útför
- kynnist enn frekar íslenskri sálmahefð og trúarlegri tónlist og myndlist
- þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra
- læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra
- kynnist gyðingdómi, m.a. með frásögum úr lífi jafnaldra



Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í 5.-7. bekk

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar



Nemandi á að

- þekkja nokkra helstu bibliutexta sem kristin trú og játning byggist á og geta dregið lærdóm af þeim
- þekkja algengustu tákni kristinnar og merkingu þeirra
- hafa kynnst völdum þáttum úr almennri og íslenskri kirkjusögu, einkum í fornöld og á miðöldum
- kunna skil á hvernig kristni barst til Íslands og á atburðum tengdum kristnitökunni árið 1000
- hafa kynnst áhrifum Biblíunnar og kristinnar trúar á íslenska og erlenda listsköpun í bókmenntum, myndlist og tónlist og þekkja dæmi um þau
- hafa kynnst nokkrum mikilvægum frásögnum og persónum úr íslenskri kristni sem hafa haft mótandi áhrif á íslenska menningu og samfélag
- hafa öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði og til-einkað sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi
- þekkja valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, tákni, hátíðir og siði, og hafa tamið sér virðingu fyrir þeim
- hafa fengið þjálfun í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðileg efni

Prepamarkmið 5. bekkjar



Nemandi

- þekki valda þætti úr sögu Ísraels frá brottförinni frá Egyptalandi til landnáms í Kanaanslandi, m.a. atburðina við Sínaí, sáttmálann (boðorðin) og Jósúa og hlutverk hans
- kanni merkingu aðventutímans í kristnu helgihaldi, uppruna jólahalds kristinna manna og söguna af heilögum Nikulási
- fræðist um hugmyndir gyðinga um Messías og hvernig Jesús heimfærði þær á sjálfan sig, m.a. söguna af Jesú 12 ára í musterinu, prédikun hans í Nasaret, „ég er“ orð hans, játningu Símonar Péturs og frásöguna af því þegar Jesús lægði storminn
- kynnist völdum sögum af lækningakraftaverkum Jesú, m.a. sögunni af lama manningnum, krepptu konunni og holdsveiku mönnunum tíu
- læri um aðdragandann að handtöku Jesú og ástæður hennar og kunni skil á atburðum skírdags og föstudagsins langa
- kynnist Passíusálmum Hallgríms Péturssonar og ævi hans
- kynnist því hvernig listamenn hafa túlkað píslir og dauða Jesú í myndlist, tónlist og bókmenntum og fái tækifæri til eigin listsköpunar
- öðlist skilning á ástæðunum fyrir kristniboðs- og hjálparstarfi kristinnar kirkju og þekki til einstaklinga sem unnið hafa að því
- kunni skil á aðdragandanum að því að Íslendingar tóku kristni og sjálfri kristnitökunni á Alþingi
- fái vitneskju um hugtakið heilagur og mismunandi merkingar þess og temji sér virðingu fyrir því sem öðrum er heilagt
- fáist við efni tengt sáttfýsi og fyrirgefningu og gildi þessa, bæði trúarlega og í samskiptum manna á milli
- kynnist völdum þáttum íslams, svo sem mosku, táknum, hátíðum og siðum



Prepamarkmið 6. bekkjar



Nemandi

- þekki grundvöll kristinnar sköpunartrúar og geri sér ljósa ábyrgð mannsins á sköpunarverkinu, sjálfum sér og náunga sínum
- fái tækifæri til að ræða mismun á trú og visindum í tengslum við sköpunartexta Biblíunnar
- kynnist dómara- og konungatímabilinu í sögu Ísraelsþjóðarinnar þar til ríkið klofnar, speki Salómóns og sálum Davíðs
- komist í kynni við jólaguðspjall Jóhannesar og merkingu táknanna ljós og orð, skilji hvers vegna Jesús var kallaður sonur Davíðs með tilvísun í Messíasarspádóma Gamla testamentisins
- kynnist og geti dregið lærdóm af nokkrum af dæmisögum Jesú, m.a. um synina tvo, kvöldmáltíðina miklu, sáðmanninn, mustarðskornið og súrdeigið
- þekki atburði páskadags, hina kristnu upprisutru og viðbrögð lærisveina Jesú við dauða hans og upprisú
- geri sér grein fyrir því hvaða þýðingu krossdauði Jesú og upprisutruin hefur fyrir kristna einstaklinga andspænis dauðanum og þá von sem henni tengist
- öðlist þekkingu á atburðum hins fyrsta hvítasunnudags og kynnist frumsöfnuðinum, m.a. með frásögum af gjöf heilags anda, Stefáni píslarvotti og köllun Sáls frá Tarsus og skilji tengsl tilbeiðslu og guðsþjónustu frumsafnaðarins við kristið helgihald nú á dögum
- verði handgenginn völdum frásögnum af hlut kvenna í starfi frumsafnaðarins
- þekki postullegu trúarjátninguna og geri sér grein fyrir því að hún felur í sér grundvallaratriði kristinnar trúar og er sameiginlegur arfur nær allra kristinna kirkjudeilda

Nemandi

- kynnist íslenskum sálmakveðskap á 20. öld
- fáist við siðferðileg efni tengd minnihlutahópum og fötluðum og samskiptum nemenda, svo sem einelti og hópþrýstingi
- öðlist skilning á mikilvægi umhverfis- og náttúruverndar og temji sér ábyrga afstöðu í þeim efnum
- kynnist völdum þáttum úr hindúasið, m.a. helgi-stöðum, musturum, táknum, hátíðum og siðum



Prepamarkmið 7. bekkjar



Nemandi

- kynnist þáttum úr sögu Ísraelsþjóðarinnar frá því að ríkið klofnaði og til heimkomunnar úr útlegðinni í Babel
- þekki dæmi um nokkra spámenn og skilji félagslegt og trúarlegt hlutverk þeirra, m.a. Elía, Amos, Jesaja og Jeremía
- fái vitneskju um aðstæður gyðinga síðustu aldirnar fyrir Krist og átök og yfirráð stórvelda við Miðjarðarhaf
- læri um frásagnir Matteusar guðspjallamanns af aðdragandanum að fæðingu Jesú og atburðum sem tengjast komu vitringanna frá Austurlöndum
- verði kunnugur meginefni Matteusarguðspjalls og hafi lesið það í samhengi með sérstakri áherslu á fjallræðuna
- skilji merkingu bænarinnar Faðir vor
- kynnist kristniboðsstarfi Páls postula, hvernig kristin trú breiddist út um Rómaveldi og hvernig kirkjan þróaðist undir forystu biskupsins í Róm, páfans
- kanni sögu miðaldakirkjunnar á Íslandi með sérstakri áherslu á klaustur og biskupsstóla
- kynnist trúarlegri tjáningu í íslenskri ljóðlist
- kunnir skil á siðbót Marteins Lúters og tildrögum hennar, hvernig siðbótin barst til Íslands og festist í sessi, m.a. með útgáfustarfi Guðbrands Þorlákssonar
- kynnist tjáningu trúar í listsköpun miðalda
- geri sér grein fyrir siðferðilegum gildum og siðferðilegum álitamálum er lúta að jafnrétti, mannréttindum, kjörum flóttamanna og misskiptingu lífsgæða í heiminum og þjálfist í að ræða þau
- þjálfist í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðileg efni og meta þau
- kynnist völdum þáttum búddadóms, m.a. must-erum, klaustrum, táknum, hátíðum og siðum

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðافرæði í 8.-10. bekk

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar



Nemandi á að

- þekkja sögu Bibliunnar sem ritsafns, hafa öðlast færni í notkun hennar, kunna skil á ólíkum ritum og skilja gildi hennar í helgihaldi og trúarlífi
- hafa öðlast þekkingu á starfi kirkjunnar, einkum hjálpar- og kristniboðsstarfi bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi
- hafa kynnst helstu kirkjudeildum og kristnum trúfélögum, hvað þau eiga sameiginlegt og hvað greinir þau að
- hafa kynnst völdum þáttum úr almennri og íslenskri kirkjusögu, einkum frá siðbótartímanum til okkar daga
- hafa kynnst áhrifum ólíkra trúarbragða á menningu og listir
- hafa öðlast færni í að fást við siðferðileg álitamál í ljósi mismunandi gildismats, trúarbragða og lífsviðhorfa, t.d. tengd samskiptum kynjanna, fjölskyldulífi, atvinnulífi, heiðarleika, sannleika og trúnaði, stríði og friði
- þekkja inntakspætti og útbreiðslu helstu trúarbragða heims og ólíkra lífsviðhorfa og geta borið þau saman



Prepamarkmið 8. bekkjar

Nemandi

- kunni skil á ritunarsögu Biblíunnar, geri sér grein fyrir ólíkum flokkum rita hennar og eðli þeirra og öðlist nokkra færni í notkun hennar og túlkun valinna biblíutexta
- geri sér grein fyrir mikilvægi Biblíunnar í lífi kirkjunnar og kristinna einstaklinga
- kynnist biblíuútgáfu og þýðingum Guðbrands Þorlákssonar og Odds Gottskálkssonar og mikilvægi þeirra fyrir íslenska tungu og bókmenntir
- geti greint áhrif Biblíunnar á listsköpun
- kynnist helgiritum annarra trúarbragða og völdum textum úr þeim
- kunni skil á helstu kristnu trúfélögum sem starfa hér á landi, hvað greinir þau hvert frá öðru og hvað þau eiga sameiginlegt og þekki til einingarviðleitni kristinna manna í samtímanum
- fáist við siðferðileg viðfangsefni sem tengjast fjölskyldulífi, svo sem samskiptum á heimili, jafnrétti kynjanna, kærleika, gagnkvæmu trausti og virðingu, sáttfýsi og fyrirgefningu
- tileinki sér ábyrg samskipti í jafnaldrahópnum með því að fást við viðfangsefni sem tengjast samskiptum kynjanna, vináttu, heiðarleika, trúnaði og orðheldni
- temji sér sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum með því að fást við viðfangsefni sem tengjast hópþrýstingi, einurð til að standa við eigin sannfæringu og virðingu fyrir sannfæringu annarra

Prepamarkmið 9. bekkjar



Nemandi

- geri sér grein fyrir eðli og fjölbreytileika trúarbragða og trúariðkunar og áhrifum þeirra á siði og menningu
- þekki helstu hugtök og fyrirbæri svo sem anda-hyggju, galdur, dulmegin (mana), guðsmynd, bæn, hugleiðslu, fórnir og hvað í þeim felst
- geti greint helstu trúarleg embætti og hvaða hlutverki þau gegna svo sem embætti presta, spá-manna, töframanna og höfðingja
- geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum helstu trúarbragða heims, auk kristni, svo sem gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms, og útbreiðslu þeirra
- öðlist nokkra þekkingu á síkhatrú, baháítrú, taóisma, Konfúsíusarhyggju og ættbálkatrú
- nái nokkru valdi á að bera saman meginatriði ólíkra trúarbragða svo sem sögu, guðshugmyndir, tilveruskilning, mannskilning, frelsunarleiðir, hugmyndir um dauðann, helgirit, helgisiði og siðgæði
- kynnist listsköpun sem ólík trúarbrögð hafa fætt af sér, m.a. byggingarlist helgidóma



Prepamarkmið 10. bekkjar



Nemandi

- geti sagt deili á nokkrum siðfræðilegum hugtökum, m.a. veraldleg, andleg og siðferðileg gæði, siðfræði, siðferði, lagaregla, siðaregla, siðvenja, dyggð, löstur og kristilegt siðgæði
- geri sér grein fyrir ábyrgð, réttindum og skyldum einstaklings í lýðræðisþjóðfélagi
- temji sér virðingu fyrir gildi vinnunnar og siðferðilegri ábyrgð sem tengist henni og geri sér grein fyrir vanda atvinnuleysis
- geri sér grein fyrir gildi jákvæðra lífsviðhorfa og gildismats sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund
- fáist við viðfangsefni sem tengjast mannskilningi, mannhelgi og verndun lífs og rækti með sér virðingu fyrir lífinu
- glími við siðferðileg viðfangsefni sem tengjast lífi og dauða, sjúkdómum og sorg, mótlæti og vonbrigðum
- fáist við efni er tengist frelsi og réttlæti, lögum og refsingu og læri að meta gildi laga og löghlýðni
- þjálfist í að ræða álitamál sem upp koma þegar lög stríða gegn siðgæðisvitund einstaklinga
- geri sér grein fyrir því að hann er hluti af stærri heild í samfélagi þjóðanna og öðlist skilning á misskiptingu lífsgæðanna og ólíkum kjörum einstaklinga og þjóða
- temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir ólíkum einstaklingum, kynþáttum og þjóðum í ljósi jafngildis og jafnréttis allra manna
- glími við vandamál tengd stríði og læri að meta gildi friðsamlegra lausna á ágreiningsmálum
- ræði álitamál um umhverfisvernd og nýtingu auðlinda annars vegar og efnahagslegar og tæknilegar framfarir hins vegar

Nemandi

- þjálfist í að greina siðferðileg álitamál og umræðu í nútímanum, svo sem í fjölmiðlum, bókmenntum, kvikmyndum og dægurtónlist
- læri að nýta sér fjölmiðla og upplýsingatækni til að afla efnis í umræður um siðferðileg álitamál og þjálfist í að meta efni þessara miðla á gagnrýninn hátt



ÞALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 1999 ER GEFIN ÚT Í TÓLF HEFTUM

ALMENNUR HLUTI

ÍSLENSKA

STÆRÐFRÆÐI

ERLEND TUNGUMÁL

HEIMILISFRÆÐI

ÍÞRÓTTIR – LÍKAMS- OG HEILSURÆKT

KRISTIN FRÆÐI, SIÐFRÆÐI, TRÚARBRAGÐAFRÆÐI

LISTGREINAR

LÍFSLEIKNI

NÁTTÚRUFRAÐI

SAMFÉLAGSGREINAR

UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

